Í kvöld verður opnuð sýning í Myndasal Þjóðminjafnsins á ljósmyndum tveggja manna sem hingað komu sumarið fyrir ófriðinn mikla og leituðu friðar í nálægð við landið og skráðu það á sinn máta á filmu. Annar var breski Íslandsvinurinn **Mark Watson** en hinn þýski ljósmyndarinn **Alfred Erhardt**.

Í fótspor tveggja gesta



Mark Watson á hesti sínum *Þjóðminjasafnið minnist aldarminningar þessa Íslandsvinar með veglegri sýningu á ljósmyndum hans frá Íslandi fyrir stríð.*

Myndin er birt með góðfúslegu leyfi Þjóðminjasafns Íslands

Ljósmyndir eru að verða æ plássfrekari í sýningarhaldi borgarinnar. Er skemmst að minnast yfirlitssýningar Andrésar Kolbeinssonar í Ljósmyndasafni og götusýningar í Kvosinni. Í dag verður opnuð ný sýning í myndasal Þjóðminjasafnsins sem ber heitið Ísland og er helguð ólíkri sýn tveggja Evrópubúa á landið skömmu fyrir miðja síðustu öld.

Sumarið 1938 ferðuðust Þjóðverjinn Alfred Ehrhardt og Englendingurinn Mark Watson um Ísland. Þeir voru hvor um sig fulltrúar stórþjóða sem höfðu um langt skeið fóstrað innilegan áhuga á Íslandi, þjóðinni sem hér bjó og menningu okkar. Þeir voru fulltrúar menningarheima sem tæpu ári síðar skullu saman í harkalegu og grimmdarlegu stríði og sumarið 1938 gátu þeir leitað, fjarri vígboðum, í kyrrð íslenskrar náttúru, rétt eins og ferðamenn okkar tíma leita hingað undan manngerðum heimi vestrænna ríkja.

Ólík sýn

Báðir komu til að sjá og upplifa náttúru landsins en tilgangur þeirra var þó ólíkur. Watson hafði dreymt um að sjá landið frá bernsku og ljósmyndir hans eru í anda almennra ferðamynda en eins og myndirnar vitna um, var hann mjög liðtækur ljósmyndari. Watson myndar ekki bara landslagið heldur ferðalagið sjálft, torfbæi, hesta og fólkið í landinu.

Ehrhardt nálgast landið á allt annan hátt. Hann lagði leið sína til Íslands gagngert til að ljósmynda form landsins og frumkrafta jarðarinnar eins og þeir endurspeglast til dæmis í hraunmyndunum og hverahrúðri. Hann var myndlistarmaður sem þegar hafði skapað sér nafn. Ljósmyndir hans eru persónuleg túlkun á umhverfinu og nærmyndir af áferð og mynstri sem í því birtist.

Hefðarmaður í heimsókn

Myndir þeirra Ehrhardts og Watsons eru vitnisburður um hvað ljósmyndin getur verið persónulegt og margrætt tjáningarform. Sýn og túlkun tveggja einstaklinga á sama tíma þarf ekki að eiga neitt sameiginlegt nema miðilinn. Ísland árið 1938 lifir á ólíkan hátt í myndum þessara tveggja ljósmyndara.

Mark Watson (1906-1979) var Íslandsvinur á þeim tímum þegar orðið hafði raunverulegt inntak. Hann var af enskri yfirstétt og stundaði nám við Eton og síðar skóla á meginlandi Evrópu.

Maðurinn sem bjargaði Glaumbæ

Íslandsáhugi Marks mun hafa kviknað meðan hann var barn að aldri og viðhélst alla tíð. Rúmlega þrítugur kom hann fyrst til Íslands og ferðaðist sumarið 1937 á hestum um Þingeyjarsýslur. Ári síðar kom hann aftur og ferðaðist þá um Skaftafellssýslur og einnig Skagafjörð. Hann upptendraðist af bænum í Glaumbæ og staðnum og vildi kaupa hann, endurreisa og gera að safni. Um haustið sendi Mark 200 pund til Íslands til að hefja viðgerð bæjarins. Gjöf Marks skipti sköpum um varðveislu bæjarins í Glaumbæ.

Íslandsvinur í sannri merkingu orðsins

Mark tók ljósmyndir í þessum fyrstu Íslandsferðum. Hann hélt sýningu á úrvali mynda úr sinni fyrstu Íslandsferð í London að viðstöddum Friðrik Danaprins og Ingiríði krónprinsessu. Eftir þetta lagði hann að mestu niður ljósmyndun.

Mark varð einn mesti velgjörðarmaður Þjóðminjasafns Íslands. Hann gaf safninu fjölda vatnslitamynda breska málarans W. G. Collingwood úr Íslandsferð hans árið 1897 og nokkrar myndir úr leiðangri Stanleys 1789 auk ýmissa annarra gjafa eins og þeirra ljósmynda sem getur að líta á sýningunni í Myndasalnum. Mark Watson var því velgjörðarmaður Íslendinga á mörgum sviðum. Þjóðin og Þjóðminjasafn Íslands standa í þakkarskuld við Mark Watson og því minnist safnið hans með virðingu og þökk á aldarafmæli hans.

Bauhaus-maður í heimsókn

Leit Alfreds Ehrhardts (1901-1984) að „grundvallarformum frumaflanna" leiddi hann í leiðangur til Íslands sumarið 1938. Hann leitaði að „frumlandslagi" mótuðu af eldgosum og jöklum en ósnortnu af mönnum. Í slíku landslagi hlaut að mega fá innsýn í sköpunarsögu jarðarinnar.

Ehrhardt var einn fjölmargra Þjóðverja sem heimsóttu Ísland á millistríðsárunum. Hann hafði numið við Bauhaus-listaskólann og starfaði við kennslu í listgreinum. Fyrir Íslandsheimsóknina hafði hann gefið út tvær ljósmyndabækur. Önnur þeirra, Das Watt, er talin með merkari ljósmyndabókum tímabilsins.

Ný sýn á landið og ásýnd þess

Afrakstur Íslandsferðarinnar gaf Ehrhardt út í bókinni Island árið 1939. Myndirnar í henni sýndu nýstárlega nálgun á myndefnið. Framlag Ehrhardts til íslenskrar ljósmyndunar byggir á þrennu: Nærmyndum af náttúrulegum mynstrum eða áferð í landslagi þar sem bútur úr landslagi er tekinn úr samhengi við umhverfið. Eftir stendur sléttur flötur með mynstri. Þá skar hann myndir sínar djarfar en tíðkast hafði, til dæmis á fossamyndum. Þá tók hann myndir af berangurslegum melum eða frostmynduðu þýfi sem aðrir höfðu ekki litið við.



Berg eftir Alfred Erhardt
Hann tók fyrstur manna að kanna áferð landsins og er því frumkvöðull sem hafði mikil áhrif á síðari tíma ljósmyndara frá Rafn Hafnfjörð til Roni Horn

Myndin er birt með góðfúslegu leyfi Þjóðminjasafns Íslands og Alfred-Erhardt Stiftung

Myndir Ehrhardts voru frumlegar á sínum tíma en virðast kannski næsta hversdagslegar núna. Ástæðan er ekki síst að enn í dag eru margir ljósmyndarar að mynda landið með líkum hætti og hann fyrir tæpum 70 árum.

Bók helguð Íslandsmyndum

Áhrif Ehrhardts og stefnu hans í ljósmyndun hafa sannarlega verið lífseig.

Fyrr á þessu ári kom út í Þýskalandi bók með ljósmyndum Ehrhardts. Hún er 136 síður í stóru broti með 74 myndum sem draga vel fram hvílíkur ljósmyndari hann var. Í bókinni eru rækilegar greinar um feril Ehrhardts og stöðu hans eftir þær Christiane Stahl, frá stofnun sem kennd er við nafn hans og Ingu Láru Baldvinsdóttur, forstöðukonu Myndadeildar Þjóðminjasafnsins. Verður bókin til sölu í safnbúðinni meðan á sýningunum stendur.



Tapað - Fundið, diskkápa

Frummanna-stomp

Jakob Frímann átti tólf kvöldheimsóknir í skemmu Valgeirs Guðjónssonar upp úr jólum: tilgangurinn var að bræða saman gömul stál, en þeir höfðu í fyrra dengt þeim í deigluna, kvöldstund með fornum vinum sínum úr upphaflega Stuðmannabandinu en ekki haft tíma til að steypa þau um. Þá kom bandið fram sem Frummenn fagurt sumarkvöld í Laugardalnum

Nú er hert stálið komið út: fjórtán ný lög eftir þá félaga flutt af Frummönnum, Jakobi, Valla, Gylfa og Ragnari. Upptökurnar fóru fram í janúar í Los Angeles og engir aukvisar með í bandinu. Carole Kaye, einn fremsti og afkastamesti bassisti í heimi, lék með áslætti Jims Keltner; það fólk á að baki fleiri hitt en telja má á tám heils karlakórs. Gítaristinn var Jimmy Riff sem hefur mest unnið með Jagger á hans sólóskífum.

Tónlistin er retró-popp og verður spennandi að bregða disknum undir geislann, hann er kominn í búðir og Reykvískar hljómplötur gefa út - Reykjavik Records. Og platan ber titilinn Tapað - Fundið .

Ný grafík eftir Erró

Listasafn Reykjavíkur hefur undanfarin ár staðið fyrir sýningum úr Errósafni sínu þar sem afmarkaðir þættir í list hans eru kannaðir, bæði að inntaki og efni.

Í sýningu sem opnar um helgina í Hafnarhúsi var ákveðið að beina sjónum að grafíkverkum hans sem töluvert er af í safninu og eru frá ýmsum tímabilum en flest frá síðari árum. Hefur listamaðurinn af miklu örlæti verið að bæta við verkum í safnið og í tilefni af þessari sýningu fékk safnið að gjöf um 35 ný og nýleg grafíkverk frá honum. Meðal verka á sýningunni eru myndir úr seríunni Síðasta heimsókn Maós til Feneyja sem var fyrst sýnd á Feneyja tvíæringnum árið 2003. Einnig eru á sýningunni verk sem tilheyra seríunni Háskakvendi (Femmes fatales) sem Erró hefur sýnt sem málverk og grafík víða um heim, ásamt nýrri verkum þar sem hann teflir saman myndum af brúðum og þekktum táknmyndum vestrænnar menningar svo sem Marilyn Monroe og Elvis Presley.

